

## Samstarf við ritver Háskóla Íslands

1. Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn (Lbs - Hbs) sér ritverum Háskóla Íslands (HÍ) fyrir aðstöðu í Þjóðarbókhöfuð til að taka á móti nemendum sem hafa bókað viðtalsfund hjá ráðgjöfum ritveranna eða mæta í opna tíma. Lbs - Hbs sér ritverum fyrir síma í aðstöðunni og kynnir þjónustu þeirra á vef sínum, upplýsingaskjám og samfélagsmiðlum. Upplýsingatækni við HÍ sér ritverum fyrir tölvu og hefur umsjón með henni. Ritver greiða laun ráðgjafa.
2. Ritver HÍ og upplýsingaþjónusta þjónustu- og miðlunarviðs Lbs - Hbs vinna saman að skipulagningu og skipta með sér framkvæmd fræðslu fyrir nemendur HÍ vegna ritunar, heimildavinnu og almenns upplýsingalæsis í samræmi við leikniviðmið þau sem sett eru fram í Viðmiðum mennta- og menningarmálaráðuneytisins um æðri menntun og prófgráður frá 2011, en þar segir m.a.: „Við útskrift getur nemandi beitt aðferðum og verklagi starfsgreinar eða fræðigreinar. Í því felst að nemandi: ... greini hvenær þörf er á upplýsingum og hafi færni til finna þær, meta áreiðanleika þeirra og nýta á viðeigandi hátt, geti nýtt sé viðurkennd gagnasöfn og upplýsingalindir á viðkomandi fræðasviði“.
3. Ritver Háskóla Íslands hafa aðgang að kennslustofu og fyrirlestrarsal í Þjóðarbókhöfuð án endurgjalds í samráði við upplýsingaþjónustu þjónustu- og miðlunarviðs.
4. Ritver Háskóla Íslands og upplýsingaþjónusta þjónustu- og miðlunarviðs skipuleggja árlega Verkefnavöku fyrir stúdenta HÍ ásamt öðrum bókasöfnum HÍ og náms- og starfsráðgjöf. Verkefnavaka fer fram í húsnæði Lbs – Hbs í Þjóðarbókhöfuð.
5. Ritver HÍ og Lbs - Hbs leita leiða til að efla samstarf við önnur bókasöfn HÍ um þjónustu við fræðileg skrif nemenda.
6. Lbs - Hbs nýtir þeirra kjara sem bjóðast HÍ og stofnunum hans varðandi notkun aðstöðu á háskólasvæðinu. Sjá einnig ákvæði Samstarfssamnings Háskóla Íslands og Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns.
7. Tengiliður við ritverin hjá Lbs - Hbs er fagstjóri miðlunar.